

Tilvísun	Heiti frávíks	Athugasemdir MAST	Andmæli / Staða / Úrbætur
4.2.1 – Frávik	Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	Ekki er til staðar heildstæð yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli.	Í 12. gr segir “Upplýsingar um heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetningu og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga.” Ekki er fjallað um yfirlitsmynd landeldisstöðvar í 19. grein en segir eftirfarandi um frárennsli og varnir gegn stroki: “Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skal kveða á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.” Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem frávik heldur athugasemd.
4.3.1 – Frávik	Viðbragðsáætlun vegna stroks	Viðbragðsáætlun vegna stroks er of almenn og ekki nægjanlega sértæk fyrir eldisstöðina, t.d. kemur ekki fram hvar búnaður til að endurheimta fisk er staðsettur eða hvernig leggja eigi netin vakni grunur um strok í stöðinni.	Viðbragðsáætlun vegna stroks er eins fyrir allar stöðvar, þar sem viðbragð er eins óháð stöð. Verklegr þjálfun er svo haldin að minnsta kosti árlega þar sem farið er í hvar og hvernig eigi að leggja netin og hvar búnaðinn er að finna. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum útbúa skriflegar leiðbeiningar fyrir æfingar á hverri stöð fyrir sig. Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.
4.3.1 – Frávik	Viðbragðsáætlun vegna stroks	Þá vantar að að lagfæra röð viðbragða. Fyrst á að grípa til aðgerða, m.a. veiða til að koma í veg fyrir frekari strok, og svo á að tilkynna strok til viðeigandi aðila.	Orðalag viðbragðsáætlunar var lagfært á meðan á eftirliti stóð. Óskað var eftir því á meðan eftirliti stóð að fram kæmi í skýrslu að frávikið var lagfært á staðnum og fengust þau svör frá eftirlitsaðila að það væri ekki viðtekið verklag. Bent er á að í skilgreiningum neðst í skýrslu þessari er gert ráð fyrir að hægt sé að merkja frávik sem "LS" lagfært á staðnum. Sbr. "Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun". Fyrir vikið er beðið um að frávikið sem merkt lagfært á staðnum í skýrslu.
4.3.2 – Frávik	Búnaður til að endurheimta fisk	Flutningsaðili sem sér um flutninga á seiðum milli Rifós og Randarinnar hefur ekki búnað til að endurheimta fisk ef kemur til óhapps sem gæti leitt til stroks.	Reglugerðin gerir ekki kröfu um umræddan búnað í bílum sem sjá um flutning seiða. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum bæta búnað flutningsaðila. Samkvæmt birgja getur tekið allt að 6 mánuðum að panta búnað en unnið er að lausnum í millitíðinni. Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.

5.1.1 – Alvarlegt frávik	Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva	Í verklagsreglu um þjálfun starfsfólks vantar tímamörk á því hvenær þjálfun sem á að eiga sér stað eftir nýliðaðþjálfun á að vera lokið.	Eftirlitsaðila var sýnd þjálfunaráætlun sem inniheldur þjálfunatriði sem starfsmenn eiga að ljúka við eftir fyrsta dag, innan mánuðar, innan þriggja mánaða og innan árs áður en starfsmaður hefur störf. Ábending eftirlitsaðila um að tímamörk vanti í verklagsreglu um þjálfun er réttmæt, en bent er á að ekki er gerð krafa um slík tímamörk í reglugerð. Fyrir vikið er þess óskað að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik, heldur athugasemd. Tillit verður tekið til ábendingarinnar og tímafrestrir sem tilgreindir eru í þjálfunaráætlun verða færðir inn í verklagsreglu Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.
5.1.1 – Alvarlegt frávik	Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva	Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar eru einungis til staðar í ráðningarsamningum viðkomandi starfsmanna og eru of almennar.	Eftirlitsmönnum voru sýndar starfslýsingar almennra starfsmanna, sbr. ráðningarsamninga. Ekki er gerð krafa um ítarlegri starfslýsingar í reglugerð, en í verklagsreglum félagsins er ábyrgð starfsmanna tilgreind nánar. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd.
5.1.3 – Alvarlegt frávik	Verklagsreglur (rekstrarleyfi > 20 tonn)	Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna í því gæðakerfi sem notað er þær verklagslegur sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð..	Verklag á landstöðvum fyrirtækisins eru að stærstum hluta eins og þessvegna eru almennar verklagsreglur í gildi í fyrirtækinu. Ef nánari lýsinga er þörf fyrir einstaka stöðvar eru þær tengdar við almenna reglu eða það tekið sérstaklega fram í verklagslýsingum. Einstaka verklagslýsing er bundin við sérstaka stöðvar fyrirtækisins. Ef eftirlitsmönnum þykir vanta nánari lýsingar er um að ræða athugasemd og ekki frávik. Eftirlitsmönnum var bent á hvernig verklagsreglurnar eru aðgreindar eftir stöðvum inni í kerfinum og ekki gekk erfiðlega að finna þær reglur sem áttu við um stöðina. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd.

5.1.4 – Alvarlegt frávik	Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi > 20 tonn)	Þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna í því gæðakerfi sem notað er þær viðbragðsáætlanir sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð. Athygli vakti að stöðvarstjóri hafði útbúið viðbragðsáætlanir um ýmis atriði byggt á aðstæðum í stöðinni og því er vísis að tvöföldu gæðakerfi	Eldisstöðin er með allar viðbragsáætlanir sem að reglugerðin gerir kröfu um. Mjög greiðlega gekk að finna þær viðbragsáætlanir sem að reglugerðin gerir kröfu um þegar eftirlitið fór fram. Þær viðbragðsáætlanir sem að stöðvarstjóri hafði útbúið eru ekki viðbragðsáætlanir sem að gerð er krafa um í reglugerð um fiskeldi. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemd um að stöðvarstjóri væri með viðbragsáætlanir sem ekki var búið að setja inn í gæðakerfið. Það verður gert.
5.1.4 – Alvarlegt frávik	Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi > 20 tonn)	Í verklagsreglur um massadauða og neyðarslátrun vantar viðbragð þegar þær aðstæður gætu skapast að meltutankar sem eru til staðar í eldisstöðinni duga ekki fyrir dauðfisk, þ.e. magn dauðfisks verður of mikið.	Reglugerðin gerir ekki kröfu um umrætt viðbragð. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum sjá til þess að viðbragði við ef meltutankar hafi ekki undan verði bætt við verklagsreglu.
5.1.6 – Alvarlegt frávik	Innri úttektir – sannprófun (rekstrarleyfi > 20 tonn)	Sannprófunarskýrslan sem dagsett er 30. júlí 2024 er ófullnægjandi: hún inniheldur ekki sjálfa sannprófunina heldur eingöngu niðurstöður. Ekki kemur fram hvenær sannprófunin var framkvæmd. Skýrslan er dagsett 30. júlí 2024 en undirskrift eins aðila í sannprófunarhópnum er 7. ágúst 2024 og eina undirskrift vantar. Í skjalinu er jafnframt vísað til innri úttektar á annarri stöð (Kópaskeri) og því óljóst hvort sannprófunin nái að fullu til stöðvarinnar á Röndinni.	Dagsetning skýrslu er dagsetningin á hvenær sannprófun var framkvæmd. Í daglegu tali innan fyrirtækisins er stöðin sem staðsett er við sjávarsíðuna á Kópaskeri kölluð Kópasker og stöðin sem staðsett er við Lónin kölluð Rifós. Reglugerð segir ”Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar. Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur.” Í reglugerð er ekki gerð krafa um að framvísa sjálfa sannprófunina. Í reglugerð er einungis farið fram á að forsvarsmaður eldisstöðvarinnar undirriti niðurstöðurnar. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemd um hvernig stöðvarnar eru nafngreindar til greina og munum merkja skýrslur framvegis með númeri stöðvar. Einnig munum við vera skírari með dagsetningar framkvæmdar og dagsetningu skýrslu.